

## Svar

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Ísólfs Gylfa Pálmasonar um löggæslukostnað.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. Hver er sundurliðaður sérstakur löggæslukostnaður einstakra sveitarfélaga vegna bæjarhátíða árin 1998–2001?
2. Hver er sundurliðaður löggæslukostnaður vegna sumarahátíða einstakra félaga, svo sem hestamannafélaga og íþróttafélaga, árin 1998–2001?
3. Sitja öll byggðarlög og félagasamtök við sama borð hvað löggæslukostnaði vegna hátíðahalda viðvíkur?

Óskað var eftir upplýsingum frá öllum lögreglustjórum og þess óskað að þeir veittu svör hver fyrir sitt umdæmi. Ráðuneytinu bárust svör frá öllum lögreglustjóraembættum á landinu.

Einungis í tveimur lögreglustjóraumdæmum hefur fallið sérstakur löggæslukostnaður á sveitarfélög vegna bæjarhátíða á því tímabili sem um er spurt og er eftirfarandi:

	1998	1999	2000	2001
Vopnafjarðarhreppur vegna Vopnaskaks . . .	161.882	0	0	0
Sveitarfélagið Hornafjörður . . . . .	52.258	116.010	0	176.939

Bæjarhátíðir eru mjög mismunandi að umfangi. Forsendan fyrir því að lögreglustjóri innheimti kostnað við aukna löggæslu hjá skemmtanahaldara er sú að viðburðurinn kalli á útgáfu skemmtanaleyfis, en heimilt er skv. 34. gr. lögreglulaga að lögreglustjóri bindi skemmtanaleyfi því skilyrði að skemmtanahaldari greiði kostnað af þeirri umfram löggæslu sem þörf er á í tengslum við skemmtun. Lögum samkvæmt falla því ýmsir viðburðir í bæjar- og sveitarfélögum landsins ekki undir þessa skilgreiningu. Sem dæmi má nefna að viðburður eins og menningarnótt í Reykjavík hefur hingað til ekki kallað á útgáfu sérstaks skemmtanaleyfis og því hefur ekki verið lagaforsenda til þess að krefja „skemmtanahaldara“ um greiðslu kostnaðar við aukna löggæslu, ef því er að skipta. Sama er upp á teningnum vegna ýmissa sambærilegra hátíða sem haldnar eru í bæjarfélögum hringinn í kringum landið. Að öðru leyti en að framan greinir hefur ekki verið innheimtur löggæslukostnaður hjá sveitarfélögum vegna bæjarhátíða sem rekja má til þess að á mörgum svokölluðum bæjarhátíðum hafa ýmis félög verið sett sérstaklega á fót til þess að sjá um undirbúning og framkvæmd slíkra hátíða, má þar sem dæmi nefna Sildarævintýri á Siglufirði og Neistaflug í Neskaupstað.

Í eftirfarandi töflu er að finna yfirlit yfir þann sérstaka löggæslukostnað sem einstök félög hafa greitt vegna hátíðahalda til einstakra sýslumannsembætta.

	1998	1999	2000	2001
Stykkishólmur vegna Eldborgarhátíðar – OKEY ehf.				3.579.356
Ísafjörður vegna hestamannamóta – Stormur og Mansavinir, Suðureyri . . . . .	26.430	18.950	22.280	22.280
Siglufjörður vegna Síldarævintýris – Ferðamála-samtök Siglufjarðar . . . . .	200.000			
Reykjavík vegna Landsmóts hestamanna 2000			258.800	
Eskifjörður vegna Neistaflugs – Brán ehf. . . . .	292.692	50.000		
Vestmannaeyjar vegna Þjóðhátíðar – ÍBV . . . . .	2.192.365			1.759.980
Akureyri vegna Landsmóts hestamanna – Landsmót hestamanna 1998 . . . . .	1.890.753			
Hvolsvöllur vegna Töðugjalda – Sjálfseignarfélagið Töðugjöld, Hellu . . . . .				150.000

Landsmenn allir, einstök byggðarlög og félagasamtök sitja við sama borð hvað greiðslu löggæslukostnaðar vegna hátíðahalda viðvíkur. Heimild 34. gr. lögreglulaga hefur á undanförunum árum verið beitt í bæði smáum og stórum sveitarfélögum og nefna má sem dæmi að stærsta lögregluembætti landsins, lögreglan í Reykjavík, hefur í mörgum tilvikum á undanförunum árum gert þeim sem skemmtun halda að greiða aukalöggæslukostnað, m.a. í tengslum við tónleika, hátíðir og hestamannamót. Hins vegar verður að hafa í huga að lögreglulið landsins eru misfjölmenn og því eðlilega misvel undir það búin að takast á við löggæslu í tengslum við mannmargar skemmtanir án aðgerða sem hafa aukinn kostnað í för með sér. Krafa almennings er ótvírætt sú að öryggi sé ávallt tryggt, t.d. á útihátíðum, og því eru öryggiskröfur þær sömu um allt land, óháð stærð lögregluliðsins í viðkomandi umdæmi. Landsmenn sitja því einnig við sama borð hvað kröfur um öryggi á skemmtunum viðvíkur. Ákvæði lögreglulaga um að lögreglustjóra sé heimilt að binda skemmtanaleyfi því skilyrði að aukalöggæslukostnaður verði greiddur af leyfishafa er öllum þeim sem standa fyrir skemmtunum kunnugt um og einn af þeim þáttum sem þeir verða að taka með í reikninginn við undirbúning viðamikilla skemmtana, hvar sem er á landinu.